

Erindi til bæjarráðs vegna Klifsins skapandi fræðsluseturs.

Skapandi starf í Klifinu og framtíðarmöguleikar fræðslusetursins

Í vor hefur Klifið skapandi fræðslusetur verið starfrækt í 5 skólaár í Garðabæ, en starfsemin hóf göngu sína haustið 2010. Fyrstu tvö árin hafði Klifið aðsetur í Sjólandsskóla. Frá hausti 2012 til vors 2015 hefur Klifið haft skrifstofuaðstöðu og afnot af kennslustofum í Flataskóla fyrir starfsemi sína. Klifið hefur auk þess tekið á leigu íþróttahúsnæði hjá Garðabæ í Ásgarði og Sjólandi fyrir hreyfitengd námskeið.

Þar sem nemendum í Flataskóla hefur fjölgað mikið á síðastliðnum þremur árum er ekki lengur pláss fyrir starfsemi Klifsins í Flataskóla. Því er svo komið að Klifið er án húsnæðis í júní. Við getum því ekki gert neinar áætlanir fyrir framtíðina og segja má að starfsemin sé algerlega í lausu lofti í augnablikinu.

Þróunartímabil í 5 ár: Á þessum fimm árum hefur mikið vatn runnið til sjávar. Við sem stöndum í forsvari fyrir Klifið, Ásta Sölvadóttir og Ágústa Guðmundsdóttir, teljum að á þessum tímapunkti sé nauðsynlegt að taka stöðuna og líta til framtíðar varðandi starfsemi Klifsins sem vettvangs fyrir menningarstarfsemi í Garðabæ.

Um námskeiðin: Á hverri önn bjóðum við upp á úrval 50 - 60 námskeiða. Okkur gengur vel að ráða til okkar framúrskarandi leiðbeinendur og sérfræðinga á sínu sviði sem hafa mikinn áhuga og metnað til að starfa fyrir Klifið. Við þurfum jafnframt að vísa mörgum áhugasömum leiðbeinendum frá á hverri önn þar sem við erum ekki með húsnæði til þess að taka á móti öllum sem til okkar leita. Leiðbeinendur taka virkan þátt í þróun námskeiða í Klifinu en við leggjum línurnar og leiðbeinendur vinna inn í ákveðinn ramma sem við höfum þróað. Við höfum náð að móta námskeið sem eiga sér ekki hliðstæðu hérlendis. Búið er að skapa hugmyndafræðilegan grunn sem virkar. Það er mikil ánægja meðal þátttakenda á námskeiðum og margir koma aftur og aftur í Klifið. Oftar en ekki komast færri á námskeiðin en vilja. Skipulagið og hugmyndafræðin er einstaklingsmiðuð og byggir á eflandi kennslufræði nýsköpunar- og frumkvöðlamenntar. Kennslufræðin stuðlar að möguleikahugsun sem eflir trú þátttakenda á eigin getu og hvetur til frumkvöðlahegðunar og sjálfbærni manneskjunnar.

Um þátttakendur: Við fáum til okkar börn, unglinga og fullorðna sem vilja leggja stund á skapandi tómstundir og læra meira um eitthvað tiltekið viðfangsefni sem vekur áhuga þeirra. Við fáum líka til okkar börn og unglinga sem hafa átt erfitt með að fóta sig í öðrum tómstundum. Til okkar koma margir þakklátir foreldrar sem sjá börnin sín rétta úr kútnum og umsagnir eru mjög jákvæðar í könnunum sem við gerum. Við hlustum á raddir þátttakenda og tökum mið af ábendingum þegar við setjum upp ný námskeið.

Við bjóðum einnig upp á námskeið fyrir fullorðna sem mjög vel hefur verið látið af. Hins vegar höfum við fækkað námskeiðum fyrir fullorðna sl. 2 ár vegna húsnæðiseklu og skorts á tíma í sólarhringnum hjá forsvarskonum Klifsins.

Menntaklif – vettvangur nærsamfélagsins í Garðabæ: Eitt af mörgum verkefnum Klifsins er samfélagsverkefnið Menntaklif sem við settum á laggirnar í samvinnu við skólasamfélagið

í Garðabæ haustið 2012. Þar var stofnaður virkur vettvangur til þess að vinna að þverfaglegum verkefnum í skólasamfélaginu s.s. með starfsþróunartilboðum, smiðjum, fundum, nýtingu samfélagsmiðla, miðlun fréttu og upplýsinga um starfsþróun og nýjungar.

Meðal verkefna Menntaklifsins má nefna:

- Verkefnastjórn Klifsins á *innleiðingu grunnþátta menntunar skv. nýrri aðalnámskrá grunnskóla skólaárið 2012 – 2013*. Það verkefni braut blað í þverfaglegri samvinnu skóla og skólastjórnenda í Garðabæ en haldnar voru smiðjur, fundir og námskeið heilan vetur sem lauk með veglegri uppskeruhátíð í maí 2013.
- Klifið hefur einnig séð um verkefnastjórn í Sprotasjóðsverkefninu *Velferð barna í Garðabæ* frá árinu 2013 sem nær anga sína til allra þeirra sem vinna með börnum í Garðabæ. Það verkefni er sprottið úr grasrótinni og er mikil samstaða meðal skólafólks um að allir sem vinna með börnum í Garðabæ fá viðeigandi fræðslu.
- Skólaárið 2014-2015 stýrir Klifið Sprotasjóðsverkefninu *Frá frumkvæði til framkvæmdar*. Það er starfsþróunarverkefni sem unnið er í samvinnu við kennara í Flata- og Garðaskóla. Klifið átti frumkvæði að verkefninu sem miðar að því að kennarar verði færir um að auðvelda nemendum sínum að mynda hugmyndir, hagnýta þekkingu sína og reynslu við að verða virkir gerendur í nærsamfélagi sínu og þátttakendur í eigin samfélagi. Kennararnir rýna í eigin starfsaðferðir með hliðsjón af nýfenginni þjálfun og fræðslu og gera tilraunir með breyttar starfsaðferðir.
- Klifið hefur einnig stýrt *Comeniusar samstarfsverkefni* milli Garðabæjar og Southend-on-Sea í Bretlandi sl. 2 ár, sem snýr að því að bæta gæði skólastarfs og að efla kennslu og kennsluaðferðir í skólum Garðabæjar.

Húsnæðismál: Frá stofnun hefur Klifið verið með starfsemi sína í grunnskólum Garðabæjar. Þar höfum við haft til afnota kennslustofur eða rými sem við nýtum sameiginlega með skólunum auk þess sem við höfum haft kennslustofu út af fyrir okkur í nokkrar annir fyrir nemendum Klifsins. Hverja önn sl. 3 ár höfum við þurft að flytja okkur um set innan Flataskóla vegna sífelldra breytinga á skipulagi í skólanum vegna nemendafjölgunar. Því er erfitt að horfa fram á veginn og gera langtímaplön.

Við höfum ekki geta hugsað nema 3 mánuði fram í tímann í einu, auk þess sem við höfum ekki getað útbúið námskeiðsrýmið sem við nýtum þeim tækjum og búnaði sem við helst óskum og þurfum svo að vel sé. Við höfum t.d. fengið vilyrði frá fyrirtækum hér í Garðabæ, s.s. Marel og IKEA til þess að styrkja okkur um húsbúnað og tæki, en höfum ekki getað nýtt okkur þann styrk vegna stöðugra flutninga og óvissu um áframhald starfseminnar.

Fjármál: Eftir þennan fimm ára tíma er ljóst að það þarf stuðning bæjaryfirvalda til þess að menningarstarfsemi eins og boðið er upp á í Klifinu sé möguleg. Bæði í formi aðgengis að húsnæði og vegna rekstrarkostnaðar vegna stjórnenda Klifsins. Við höfum á undanförunum árum fengið styrki, annars vegar í formi húsnæðisstyrkja auk þess sem við höfum fengið 5 milljónir á ári frá bænum vegna verkefnastjórnunar vegna námskeiðahalds í skólum og skipulagningar og námskeiðahalds fyrir börn. Á síðasta ári greiddum við 2.6 milljónir í leigu til bæjarins vegna íþróttahúnæðis.

Okkar mat er að það er ekki hægt að standa fyrir starfsemi af þessu tagi án frekari stuðnings, því starfsemin stendur ekki undir launakostnaði stjórnenda Klifsins, en frá upphafi hefur Klifið ekki getað greitt stjórnendum full laun.

Þrátt fyrir greinilega þörf fyrir menningarstarf af þessu tagi í sveitarfélaginu og jákvæðra áhrifa af starfsemi Klifsins á samvinnu skólastofnanna í Garðabæ finnst okkur að starfsemin hafi ekki ennþá fengið þann stuðning sem hún þarf svo að vel sé og að hún nái að vaxa og dafna til framtíðar.

Næstu skref:

Óskað er eftir viðræðum við bæjaryfirvöld um:

- a) Húsnæði fyrir Klifið.
- b) Samning vegna reksturs Klifsins.

Það eru tveir valkostir í stöðunni að okkar mati.

A) Að starfsemin fái áframhaldandi stuðning sveitarfélagsins og starfsemi Klifsins verði sett í fastari skorður t.d. með því að:

- Finna fræðslusetrinu varanlegt húsnæði (svo við þurfum ekki að flytja okkur um set á hverri einustu önn eins og hingað til).
- Setja á laggirnar skóla- og frístundastarfsemi t.d. í Klaustrinu í Holtsbúð eða í öðru heppilegu húsnæði innan sveitarfélaginu þar sem starfið í Klifinu fengi að vaxa og dafna í samfélaginu bæjarbúum til hagsbóta. Þá yrði hægt að taka á móti fleiri aldurshópum og tengja betur saman kynslóðir með fjölbreyttri tómstunda- og menningarstarfsemi frá morgni til kvölds (við erum líka með margar hugmyndir varðandi þá starfsemi og vísum þá t.d. til starfsemi eins og þeirrar sem er í Gerðubergi í Reykjavík). Við vitum líka af áhuga fleiri félagasamtaka hér í sveitarfélaginu sem eru í húsnæðisvandræðum og væru tilbúin í samstarf.
- Setja á laggirnar menningarstofnun sem byggir á þeim tilraunum sem gerðar hafa verið í Klifinu á undanförunum árum. Við erum tilbúin til að leggja fram okkar starfskrafta í þetta verkefni í samvinnu við bæjaryfirvöld.
- Klifið taki virkan þátt í samvinnu við Garðabæ og önnur félagasamtök og íþróttafélög um að þróa heilstætt skóla, frístunda- og íþróttastarf barna, ungmenna og fullorðinna enn frekar í sveitarfélaginu og búa til nýja umgjörð sem byggir á hugmyndum um menntun á 21. öld og tilraunum í Klifinu til síðustu fimm ára.

B) Ef ekki leysist úr húsnæðismálum og Klifið hlýtur ekki áframhaldandi stuðning sjáum við okkur ekki fært um að halda starfseminni áfram og munum leggja niður félagasamtökin Klifið og snúa okkur að öðrum verkefnum.

Virðingarfyllst,

Ásta Sölvadóttir og Ágústa Guðmundsdóttir